


Grunnskólinn á Þingeyri

Sjálfsmatsskýrsla



Árangursríkari kennsluhættir í fámennum skólum

„ Vindum upp segl “

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	
Árangursríkari kennsluhættir.....	
Leiðir – framkvæmd.....	
Helstu niðurstöður – ávinningur	
Mat á verkefninu – lokaorð	
Samfelld námskrá í íslensku	
Aðferðir og framkvæmd	
Niðurstöður – samantekt	
Umbótaáætlun	
Stefna - Sýn skólans	
Sjálfmatsáætlun Grunnskólans á Þingeyri 2010 – 2015	

Inngangur :

Samkvæmt reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald á hver grunnskóli með kerfisbundnum hætti leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Matið skal vera samofið annarri starfsemi skóla og skapa. Matið skal vera umbótamiðað og ná til allra helst þátta skólastarfsins.

Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans í ákveðnum þáttum hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum.

Sjálfsmat skóla felur í sér ítarlega lýsingu á markmiðum á tilgreindum þáttum skólastarfsins og úrbætur á þeim

Mat á skólastarfi – skilgreining :

Mat er „ kerfisbundnar aðferðir sem notaðar eru til þess að safna upplýsingum, sérstaklega um nám og kennslu, með það fyrir augum að mæla megi með umbótum á gæðum þjónustunnar“.

Á undangörnum tveimur árum hefur verið unnið markvisst að umbótum á kennsluháttum í Grunnskólanum á Þingeyri. Tilgangur þeirrar vinnu er tvennskonar, annars vegar til þess að mæta breyttum að stæðum í fjölda nemenda og hins vegar að nýta þá möguleika sem felast í þeim breytingum til þess að bæta gæði skólastarfsins, sérstaklega að efla nám og kennslu við skólann með áherslu á einstaklingsmiðað nám og breyttar áherslum í kennsluháttum og skipulagi skólastarfs.

Til þess að með góðu móti sé gerlegt að hrinda þeim áformum í framkvæmd sem getið er um hér að ofan er nauðsynlegt að endurskoða námskrárgerð. Með þeim hugmyndum sem stefnt er að halda nemendur áfram í einstökum námsgreinum miðað við sínar forsendur en ekki miðað við aldur eingöngu. Því hefur verið unnið að samfelldri námskrá í íslensku sem fyrsta skref í endurskoðun á námskrám.

Árangursríkari kennsluhættir í fámennum skóla

Markmið verkefnisins :

Að efla nám og kennslu við skólann og finna leiðir til þess að nýta betur þá kosti sem felast í fámennum skóla með mikla samkennslu. Markmið starfsmanna við Grunnskólann á Þingeyri var að fylgja eftir vinnu úr hugmyndum og reynslu sem fékkst frá síðasta skólaári, þar sem skólinn vann með hugmyndir sem snéru sérstaklega að :

- Samkennslu árganga
- Einstaklingsmiðaðu námi
- Samvinnu kennara
- Fjölbreyttari kennsluaðferðum
- Breyttum kennsluháttum

Matsþáttur :

Kennsluhættir og nám og kennsla

Matsspurningar voru eftirfarandi :

1. Hvað eru árangursríkir kennsluhættir í fámennum skólum
2. Hvað möguleikar/tækifæri hefur Grunnskólinn á Þingeyri á að nýta betur þá kosti sem felast í því að fámennur skóli með mikla samkennslu.

Leiðir sem voru valdar – framkvæmd

Upplýsingaöflun – greining á núverandi stöðu. Greining á núverandi fyrirkomulagi á skipan kennslu við skólann. Leitað var svara við lykilsþurningum: Hvernig er framkvæmd náms og kennslu í skólanum í dag? Hvernig viljum við sjá framkvæmd skólastarfs sem tekur mið af nýrri aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og faglegum sjónarmiðum starfsmanna?

Reglulegar samræður voru um nám og kennslu í mikið aldursblönduðum námshópum. Skólinn viðaði að sér efni um ofantalda þætti. Sérstaklega gögnum um einstaklingsmiðað nám, samkennslu nemenda og aldursblöndun. Auk þess hugmyndir um teymisvinnu og teymiskennslu kennara.

Vettvangsheimsóknir. Kynning á skipulagi skóladags í öðrum skólum sem búa við svipaðar aðstæður hvað nemendafjölda varðar. Skólaheimsóknir í skóla sem vinna samkvæmt þeim markmiðum sem samrýmast okkar meginhugmyndum um skólastarf, m.a. Norðlingaskóla og Sjálandsskóla.

Skref í átt að einstaklingsmiðun. Skólastarf brotið upp í ákveðinn tíma, þar sem nemendur á ólíkum aldri unnu saman. Allir nemendur unnu samkvæmt áætlun / áformum og í boði voru valkvæð verkefni. Í framhaldi af þeirri vinnu var í boði áhugasviðsval hjá stórum hluta nemenda. Þetta gaf okkur mikilsverðar upplýsingar sem við getum byggt á.

Samfelld námskrágerð. Unnið að samfelldri námskrágerð í íslensku og stærðfræði, þar sem ákveðin voru námsþrep, án tillits til aldurs eða námshóps nemanda. Hugmyndin er að þannig geti hver nemandi verið í mismunandi námsþrepum, allt eftir veikleikum og styrkleikum hvers og eins.

Kostir og gallar. Gera okkur grein fyrir helstu kostum og hindrunum sem kunna að fylgja breyttum kennsluháttum.

Breyting á aðstöðu til náms. Skoða saman þær breytingar sem gera þurfi á húsnæði og námsumhverfi nemenda sem taka mið af breyttum kennsluháttum.

Helstu niðurstöður / ávinningur af vinnu við verkefnið :

- Unnið verði samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu um samkennslu: Það kennsluform þegar blandað er saman nemendum úr tveimur eða fleiri árgöngum í bekk / námshóp og honum kennt sem einni heild, þ.e.s. sem samstæðum hópi nemenda með mismunandi námþarfir – án varanlegrar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu.
- Sameiginleg skilgreining kennara á einstaklingsmiðuðu námi verði: Þegar nemandi er að læra miðað við sinn þroska, getu, færni og reynslu. Námi hans tekur því ekki mið af hópi nemenda eða heils bekkjar. Þeir eru því ekki að læra það sama á sama tíma, heldur geta þeir verið að fást við ólík verkefni einir, eða í hópum. Áhugasviðsval í boði fyrir nemendur skólans og aukin þemavinna í elstu árgöngum. Nemendur bera ábyrgð á sínu námi og byggja það á námsáformum / áætlunum.
- Skipan í námshópa endurskoðað, þeim fækkað en einstaklingum í hópum fjölgað.
- Teymiskennsla kennara. Mynduð hafa verið þrjú teymi kennara sem vinna saman með áherslur í námi nemenda, þar sem undirbúningur og ábyrgð dreifist á fleiri hendur, margbreytileg færni kennara nýtist betur og rýfur einangrun þeirra.
- Opnað á milli rýma og skólinn færður í það horf sem hann upprunalega var hannaður til, að vera „opin skóli“ með sveigjanlegt skólastarf. Nemendur vinna á stærri svæðum og meiri blöndun árganga. Námsumhverfi gert hvetjandi.

Mat á verkefninu – lokaorð

Það er samdóma álit kennara skólans að meðan á verkefninu stóð hafi umræðan í skólanum um aukin gæði í skólastarfinu, nemendum okkar til handa, aukist til muna.

Sem dæmi um mat kennara á því þegar starfið var brotið upp má nefna:

- *Mér fannst mjög skemmtilegt, gefandi og spennandi að taka þátt í þessari vinnu og mjög jákvætt og hlakka bara til að fá að prófa eitthvað í þessa átt næsta vetur.*
- *Kennarar að vinna meira og betur saman en áður, styrkleiki í heild, almenn gleði og ánægja – tíminn fljótur að líða.*
- *Veikleiki, þrengsli, húsnæði og búnaður ekki í samræmi við kennsluhættina, óskýr fyrirmæli vegna vals.*

Umræða hefur einnig orðið meðal foreldra og nemenda, en þær hugmyndir sem við höfum verið að fást við hafa verið kynntar bæði foreldrum og nemendum og verið ræddar á fundum Samráðs.

Verkefnið hefur verið kynnt Skólaráði í tengslum við úthlutun úr Sprotasjóði, sameiginlegum fundi í Skólastjórafélagi Vestfjarða í maí á Hólmavík.

Augljóst er að markviss vinna að einstaklingsmiðuðu námi og að þeim markmiðum sem kennarar við Grunnskólann á Þingeyri hafa sett sér, kallar á nánara foreldrasamstarf og endurskoðun á námsmati, með áherslu á leiðsagnarmat. Á næsta skólaári mun því skólinn leggja áherslu á þessa tvo þætti skólastarfsins sérstaklega.

Samfelld námskrá í íslensku

Yfirþáttur: Árangursríkir kennsluhættir í fámennum skólum

Undirþáttur: Samfelld námskrá í íslensku.

Markmið og tilgangur matsins

Ákveðið var að taka fyrir námskrár í hverju fagi og byrja á íslensku. Þar sem árangursríkir kennsluhættir byggja á einstaklingsmiðuðu námi var þetta okkar fyrsta skref.

Markmiðið var að brytja niður núverandi markmið aðalnámskrár og bekkjarnámskrár Grunnskólans á Þingeyri og búa til námsþrep með stígandi í – þar sem hverju námsþrepi þarf að vera lokið áður en byrjað er á næsta, án tillits til aldurs eða bekkjar hvers nemanda. Þannig getur hver nemandi verið í mismunandi þrepum innan íslenskunnar, allt eftir styrkleikum og veikleikum hvers og eins.

Settar voru fram þrjár matsspurningar:

- 1) Hverju viljum við breyta?
- 2) Hvað á að skoða?
- 3) Hvert er markmið með vinnunni?

Svör:

- 1) Að námskrá verði ekki bundin að árgangi heldur verði samfelld frá 1.-10. bekkjar. 2)
- Skoða námskrá og námsþætti í íslensku með tilliti til að nemendur fái stíganda í sínu námi, óháð aldri.
- 3) Að sé til heildtæk samfella í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekkjar, til að efla einstaklingsmiðað nám, sem hjálpi nemendum við að efla sjálfstæði og ábyrgð þeirra á eigin námi.

Aðferðir og framkvæmd

Verkefnið er að finna samfellu í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekk, til að enginn þáttur verði útundan hjá okkur.

Markmið og leiðir voru sett um það að samþætta markmiðin í aðalnámskrá og hafa þau frekar í þrepum eftir stígandi heldur en eftir aldri, svo að hver nemandi geti unnið á sínum hraða eftir sinni getu, óháð aldri. – Þannig að í lokin verði til námspakkar sem uppfylla ákveðin þrep, og hver nemandi færist ekki yfir á næsta þrep, nema hafa lokið lægra þrepi fyrst, óháð aldri.-

Skipulagt var að kennarar skiptu sér eftir aldurstigum í kennslu og skoðuðu markmið aðalnámskrár og bekkjarnámskráa fyrir hvern þátt íslenskunnar, og kæmu svo saman með sína vinnu og allt yrði sett í eina heild, m.t.t. til stígandi í þyngd og umfangi.

Áætlað var að þessi vinna færi fram frá miðjum október 2011 og fram til 1. febrúar 2012.

Aftur voru settar fram þrjár matsspurningar:

1. A) Hvernig ætlum við að fá svör við spurningunum?

- B) Hvernig ætlum við að breyta?
- C) Hvaða bjargir þurfum við til að vinna vinnuna?

Svör:

- A) Við ætlum að skoða aðalnámskrá grunnskóla og bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir G.Þ. og bera saman. Einnig að skoða námskrár annarra skóla til að fá hugmyndir að samfellu og hvernig það er sett upp.
- B) Nemendur vinni einstaklingsmiðað, fái lotupakka skv. markmiðum í staðinn fyrir námsefni bekkjarins skv. námskrá. Auka samvinnu milli kennara.
- C) Aðalnámskrá grunnskóla; íslenskuhluta, bekkjarnámskrár G.Þ. Aukna samvinnu kennara á öllum skólastigum, óháð kennslugreinum.

Upplýsingaöflun fór þannig fram að kennarar skiptu með sér vinnu. Allir kennarar við skólann komu að þessari vinnu, því allir eru íslenskukennarar þó svo þeir kenni önnur fög. Við erum jú alltaf bæði meðvitað og ómeðvitað að aðstoða nemendur okkar við að verða betri málnotendur. Undirrituð tók að sér að halda utan um vinnuna og koma þessu saman í lokin. 2 kennarar á yngsta stigi, 3 á miðstigi og 2 á unglingastigi hittust fyrst og tóku fyrir hvern þátt innan íslenskunnar; bókmenntir og lestur, stafsetning og ritun, hlustun og áhorf o.s.frv. bútuðu niður markmiðin innan hvers stigs og í lok hvers þáttar hittust allir kennarar og röðuðu niður í þrep eftir stígandi innihaldsins. Miklar umræður sköpuðust og umræðurnar skiluðu sér vel inn í áframhaldandi vinnu með nemendum, því hver kennari varð meðvitaðri um þá vinnu sem laut að íslenskunni.

Verktíminn stóðst að mestu, við lukum þessum þætti vinnunnar í byrjun febrúar, en innan þessa tímaramma komumst við ekki í að vinna að námsmati og finna kennslugögn sem henta hverju námsþrepi.

Niðurstöður – samantekt

Þar sem allir kennarar skólasamfélagsins eru að vinna með íslensku, meðvitað og ómeðvitað, var ákveðið að taka fyrir íslenskuna í byrjun, en síðan verði aðrar faggreinar unnar eins.

Íslenskan er e.t.v. veigamesti þátturinn og mesta vinnan í þeim þætti, en við erum þá tilbúin í næstu þætti á næsta skólaári.

Vinnan varð gífurleg, mun meiri og tímafrekari en við lögðum af stað með í upphafi, en öll sú umræða sem fram fór innan kennarahópsins, þvert á aldurstig og kennslugreinar, gerði okkur öllum mjög gott og gerði okkur meðvitaðri og ábyrgari „íslenskukennara“.

Við höldum ótrauð áfram með þessa vinnu innan yfirþáttarins *árangursríkari kennsluhættir í fámennum skólum*.

Umbótaáætlun

Námskráin er í stöðugri þróun og lifandi plagg. Því verður þessari vinnu aldrei lokið, heldur í stöðugri endurskoðun með tilliti til hagsmuna nemenda. Markmiðið með þessari vinnu, að finna samfellu í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekk, til að enginn þáttur verði útundan hjá okkur og að stígandi verði í náminu óháð aldri, verður í stöðugri þróun og samvinn

Samfelld námskrá í íslensku

Verkefnið er að finna samfellu í námskrá í íslensku frá 1. – 10. bekk, til að enginn þáttur verði útundan hjá okkur.

Markmið og leiðir voru sett um það að samþætta markmiðin í aðalnámskrá og hafa þau frekar í þrepum eftir stígandi heldur en eftir aldri, svo að hver nemandi geti unnið á sínum hraða eftir sinni getu, óháð aldri. – Þannig að í lokin verði til námspakkar sem uppfylla ákveðin þrep, og hver nemandi færist ekki yfir á næsta þrep, nema hafa lokið lægra þrepi fyrst, óháð aldri.-

Skipulagt var að kennarar skiptu sér eftir aldurstigum í kennslu og skoðuðu markmið aðalnámskrár og bekkjarnámskráa fyrir hvern þátt íslenskunnar, og kæmu svo saman með sína vinnu og allt yrði sett í eina heild, m.t.t. til stígandi í þyngd og umfangi.

Það sem hefur verið framkvæmt er að búið er að vinna svona með alla þætti innan íslenskunnar nema „talað mál og framsögn“ og „hlustun og áhorf“. Þeir þættir eru á dagskrá í janúar. Vinna hefur gengið vel, en þetta er tímafrekt verkefni og margt sem þarf að taka tillit til, til þess að passa að enginn þáttur falli niður. Ekkert hefur verið farið nákvæmlega í að skoða námsmat og námsgögn, þó það sé alltaf á bak við eyrað, það verður gert í verkefninu um námsmat eftir áramótin.

Í meðfylgjandi töflu má sjá samantekt á verkefninu:

Hvað á að gera?	Hvað þarf til að vinna verkið?	Hver ber ábyrgð?	Hvenær á að vera lokið?	Hvaða mat á að vera um að verkinu sé lokið?
Finna samfellu í námskrá í íslensku í 1. – 10. bekk.	Það þarf Aðalnámskrá grunnskóla, íslenskuhluta, bekkjarnámskrá G.Þ. og starfsmenn G.Þ.	Ninna ber ábyrgð á að verkið sé unnið. Kennarar skipta með sér verkum eftir námsstigum.	Verkinu á að vera lokið í byrjun feb.	Þegar búið er að setja saman þrepin í hverri grein innan íslenskunnar á að vera hægt að vinna námsmat

Stefna – sýn starfsmann við Grunnskólann á Þingeyri

Að skólastarf við taki mið af:

- Aðalnámskrá grunnskóla
- Grunnskólalögum
- Skólastefnu sveitarfélags
- Skólamenningu, gildum og sýn sérhvers skóla
„Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan.“
- Meginmarkmið skólastarfs í Grunnskólanum á Þingeyri er stuðla að góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þannig að öllum líði vel nemendum og starfsfólki.
- Að starf skólans grundvallist á því viðhorfi að hverjum einstaklingi skulu búin námsskilyrði, svo hann megi á eigin forsendum, þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður einstaklingur með jákvæða sjálfsmýnd.
- Að árgöngum verði kennt saman, þ.e.s. Að byggt verði á samkennslu árganga sem stuðlar að aukinni félagsfærni nemenda og auðvelda að hver nemandi fari á sínum hraða á sinni skólagöngu.

- Að skólinn verði í nánnum tengslum við samfélagið sem hann er hluti af, sérstök áhersla á samstarf milli heimila og skólans.
- Að starfsfólk skólans vinni saman í teyllum í eins miklu mæli og möguleiki er á.
- Áhersla á að skapa hvetjandi, og fjölbreytt námsumhverfi þar sem hver nemandi fær að njóta sín.
- Við viljum að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar foreldrum.

Viðfangsefni sjálfsmats	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015
Árangursríkir kennsluhættir í fámennum skóla	X	X			
Námsmat	X				
Ytri tengsl – leikskóli, atvinnulíf	X				
Nemendur - líðan	X		X		X
Skólanámskrá		X	X		
Nám og kennsla		X	X		
Heimanám, tilgangur og umfang		X			
Starfsfólk og starfsmannastjórnun				X	X
Stjórnun, stefna og markmið - áætlanir			X	X	
Heilsuefling				X	
Aðbúnaður					X

Endurskoðað í nóvember 2011

